

Nd. **92. Frumvarp til laga** **[70. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. greinar laganna komi: 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktunarframkvæmdir og aðrar framkvæmdir, sem Ræktunarsjóður veitir lán til, hafa aukizt stöðugt undanfarin ár, og hefur Ræktunarsjóður þurft að afla sér dýrra lána til útlánastarfsemi sinnar. Af þessum sökum hefur Ræktunarsjóður orðið að standa straum af vaxandi greiðslum vegna vaxtamismunar.

Til þess að Ræktunarsjóður geti annað hlutverki sínu, er nauðsynlegt, að hann fái ríkisframlag í 20 ár frá gildistöku laganna í stað 10 ár, eins og nú er ákveðið í lögum nr. 66/1947.